

Skilja hið guðlega hlutverk kvenna



Kennið þær ritningargreinar og tilvitnanir sem uppfylla þarfir systranna sem

þið heimsækið. Berið vitni um kenninguna. Biðjið systurnar sem þið kenið að miðla af því sem þær upplifa og læra.

Julie B. Beck, aðalforseti Liknarfélagssins: „Ég hef hlotið vitnisburð um sæluáætlunina sem himneskur faðir hefur veitt okkur með því að ígrunda og læra ritningarnar. Dætur hans eiga hlutdeild í þeirri áætlun. Helmingur áætlunarinnar kemur í hlut kvenna og ef við gerum ekki okkar hlut, mun enginn annar gera það fyrir okkur. Helmingur áætlunar föðurins, sem varðar sköpun lífs, sem varðar sál-gæslu, sem nær yfir vöxt og þroska, sem hefur áhrif á allt annað, er okkur ætlaður. Við getum ekki útdeilt því. Við getum ekki falið það öðrum. Það er okkar ábyrgð. Við getum afneit- að því og litið fram hjá því, en það verður áfram okkar ábyrgð og skylda. Sá tími mun koma að við munum allar verða okkur meðvitaðar um það sem við vissum áður en við fædd- umst. Við munum vita að við vorum hluttakendur í miklu stríði sökum

þessara forréttinda. Hvernig rækjum við þessa skyldu okkar? Við helgum krafta okkar daglega þessu einstæða verki okkar.“

Öldungur M. Russell Ballard í Tólf- postulasveitinni: „Hinn kenningarlegi grunnur er varðar sköpun jarðarinn- ar er að sjá andabörnum Guðs fyrir áframhaldandi ferli upphafningar og eilífu lífi. . . .

. . . Jafnvel þótt það sé ekkert mikilvægara sem þið getið lagt af mörkum til samfélagsins, til kirkj- unnar eða til eilífra örlaga barna föðurins, en það sem þið gerið sem mæður eða feður, verður hlutverk ykkar sem slík ekki eini mælikvarð- inn á gæsku ykkar eða viðurkenn- ingu frammi fyrir Drottni. . . .

Sérhver systir í þessari kirkju sem gert hefur sáttmála við Drottin hefur guðlegan möttul til bjargar sálum, til að leiða konur heimsins, til að efla heimili Síonar og byggja upp ríki Guðs“ (“Women of Righteousness,” *Liahona*, des. 2002, 36, 39; *Ensign*, apr. 2002, 68, 70).

Öldungur David A. Bednar í Tólfpostulasveitinni: „Samkvæmt guðlegri tilnefningu er körlum og konum ætlað að þróast saman til fullkomunnar og fyllingu dýrðar.

Vegna mismunandi lundarfars þeirra og hæfileika, kemur hvort um sig með sérstaka lífssýn og bakgrunn í hjónabandið. Karlinn og konan leggja mismunandi af mörkum, en þó jafnan hlut, til einnar heildar og einingar sem ekki verður náð á nokkurn annan hátt“ (“Marriage Is Essential to His Eternal Plan,” *Liahona*, júní 2006, 51–52; *Ensign*, júní 2006, 83–84).

Silvia H. Allred fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Liknarfélagsins: „Drottinn hefur blessað konur með guðlegum eiginleikum elsku, meðaumkunar, ljúfmennsku og kærleika. Mánaðarlegar heimsókn- ir sem heimsóknarkennarar gera okkur kleift að blessa sérhverja systur, er við sýnum þeim elsku og góðvild og gefum þeim gjöf meðaumkunar og kærleika. Hverj- ar sem hinar einstaklingsbundnu aðstæður okkar kunnar að vera, þá eigum við allar kost á að fræða og endurnæra aðra“ (“Feed My Sheep,” *Liahona* og *Ensign*, nóv. 2007, 113).

Spencer W. Kimball forseti (1895–1985): „Að vera réttlát kona á lokavettvangi þessarar jarðar, fyrir síðari komu frelsara okkar, er afar göfug köllun. Styrkur og áhrif hinnar réttlátu móður okkar tíma geta margfaldast á friðsælli tímum“ (“Privileges and Responsibilities of Sisters,” *Ensign*, nóv. 1978, 103).